BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 207

# Guðmundur Kristinsson

(1906-1976)

## Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 207*

# Guðmundur Kristinsson

Inngangur

Guðmundur Kristinsson fæddist 22. janúar 1906 í Rimmu, síðar Hverfisgötu 66, og lést 1. apríl 1976. Hann var sonur hjónanna Kristins Gíslasonar, trésmiðs, frá Gröf í Hrunamannahreppi, Árnessýslu og Kristínar Guðmundsdóttur frá Leifsstöðum
í Axarfirði, Vopnafjarðarhreppi, N.-Múlasýslu.

Kona Guðmundar var Guðrún Ástríður Elimundardóttir frá Hellissandi, fædd 10. júlí 1906, dóttir hjónanna Elimundar Ögmundssonar, sjómanns og þrautaformanns, og Sigurlaugar Sýrusdóttur, húsfreyju. Guðrún lést 22. ágúst 1998. Þau hjónin hófu búskap á Framnesvegi 14 í Reykjavík og eignuðust fjögur börn og eina fósturdóttur. Börnin eru: Sigurður E. , Kristinn, Kristín, Þorgrímur og Margrét Pétursdóttir, fósturdóttir.

Guðmundur hóf störf hjá olíufélaginu Shell, síðar Skeljungi í olíustöðinni í Skerjafirði, og starfaði þar við afgreiðslu olíuskipa. Hann var einnig um árabil trúnaðarmaður fyrir verkamannafélagið Dagsbrún á sínum vinnustað, í stjórn Dagsbrúnar og samninganefnd. Guðmundur var bókhneigður og víðlesinn. Hann fékk snemma áhuga á málefnum lífs og dauða. Hann var Nýalssinni, og var einn stofnenda þess félags. Hann velti mjög fyrir sér heimspekilegum efnum og stjörnufræðilegum viðfangsefnum. Ein af heitustu óskum hans var að reisa stjörnusambandsstöð á Esju, og var afrakstur af minningargjöfum notaður til að kaupa á skuldabréfum í þágu þess sem stjórn Félags Nýalssinna var afhent til varðveislu.
Sjá enn fremur æviágrip Guðmundar Kristinssonar sem er fremst í safnmöppu.

Þorgrímur Guðmundsson afhenti safninu skjöl þessi 26. júlí 2001 og 16. september 2002.
Sjá einnig einkaskjalasafn Þorgríms Guðmundssonar, E-208.

## Skjalaskrá

**Askja 1**
Frásögur, greinarstúfar og brot úr ræðum tilheyrandi fræðum Nýalssinna.

**Böggull**
Albúm/Safnmappa yfir starfsemi Félags Nýalssinna sem Guðmundur Kristinsson. tók saman meðan hann var virkur félagi eða til dauðadags: Æviágrip Guðmundar Kristinssonar; afrit af bréfi Guðrúnar Elimundardottur til stjórnar Félags Nýalssinna, dags. 4. nóvember 1976; afrit

af verðtryggðum spariskírteinum Ríkissjóðs Íslands 1976; Félagsblað Nýalssinna. Tímarit um stjörnusambandsmál, nóvember 1964, mars 1965 (2 eintök), apríl 1965, september 1965 (2 eintök), mars 1967, desember 1967, mars 1968, desember 1968, maí 1969, september 1969, auglýsing um 1. tbl. 1974; Íslenzk stefna mars 1952, desember 1952 (3 eintök); fundargerðir 1962; nafnalisti.

**Askja 2**

*Kom 16. september 2002:*

Félagsblað Nýalssinna. Tímarit um stjörnusambandsmál, apríl, ágúst 1964, maí, júlí 1967.

Félagsblað Nýalssinna, 1972-1973, óheill forði.

Félagsblað Nýalssinna. Fréttir og félagsmál, maí 1970-desember 1977, óheill forði.

Menn og skoðanir, án árs.

Lifsgeislar. Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur, 1975-1977, óheill forði.

Ritaskrá dr. Helga Pjeturss, tekin saman af Elsu G. Vilmundardóttur.

**Askja 3**

*Kom 7. apríl 2002:*

Bréf til Guðmundar Sigurðssonar frá Þorsteini Jónssyni, dags. 2. nóv. 1950.

Lög félagins Glasirs.

Listi yfir þátttakendur í Félagi Nýalssinna.

Skráð Raghildur Bragadóttir

*Viðbót við safnið kom frá Sigurði E. Guðmundssyni* 29. ágúst 2007.

Félagsblað Nýalssinna marz og september 1965 og apríl, júní, og ágúst 1966.

Skráð í apríl 2008,
Bergþóra Annasdóttir